

AUGLÝSING

um samning um örugga meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs.

Hinn 27. janúar 2006 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um örugga meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs sem gerður var í Vín 5. september 1997. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 27. apríl 2006.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 27. apríl 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um örugga meðferð notaðs eldsneytis og um örugga meðferð geislavirks úrgangs.

FORMÁLSORD

Aðilar að samningi þessum,

- i. sem viðurkenna að starfræksla kjarnakljúfa skilar notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi og að geislavirkur úrgangur verði og til þegar annars konar kjarnorkutækni er beitt,
- ii. sem viðurkenna að sömu öryggissjónarmið gilda um meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs,
- iii. sem áréttta þýðingu þess fyrir samfélag þjóðanna að tryggt sé að gengið sé út frá góðum starfsvenjum og þeim fylgt til að meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs sé örugg,
- iv. sem viðurkenna mikilvægi þess að upplýsa almenning um mál sem varða örugga meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs,
- v. sem óska þess að stuðla að öryggi kjarnorku um heim allan í raun,
- vi. sem áréttta að ríki bera alla ábyrgð á því að tryggja örugga meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs,
- vii. sem viðurkenna að ríkinu beri að skýra hvaða stefnu skuli fylgt að því er varðar endurnýtingu eldsneytis, þar eð sum ríki álíta notað eldsneyti verðmæta endurvinnanlega auðlind en önnur kjósa að farga því,
- viii. sem viðurkenna að fara skuli með notað eldsneyti og geislavirkan úrgang, sem eru undanskilin ákvæðum þessa samnings sakir þess að þau falla undir her- eða varnarmálaáætlanir, í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í samningi þessum,
- ix. sem áréttta að samvinna þjóða í milli er mikilsverð ef auka á öruggi í meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs með tví- eða marghliða fyrirkomulagi og með ákvæðum þessa hvetjandi samnings,
- x. sem eru minnugir þarfa þróunarríkja, einkum þeirra sem eru skemmst á veg komin, og ríkja með umbreytingarhagkerfi og nauðsynjar þess að stuðla að framgangi gildandi fyrirkomulags í því skyni að aðstoða þau við að ná fram rétti sínum og efna skuldbindingar sínar sem kveðið er á um í þessum hvetjandi samningi,
- xi. sem álíta að farga beri geislavirkum úrgangi, að svo miklu leyti sem öryggi í meðferð slíkra efna gefur tilefni til, í því ríki þar sem hann varð til enda þótt þeir viðurkenni að viðtilteknar aðstæður megi stuðla að öruggri og skilvirkri meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs með því að samningsaðilar semji um það sín á milli að nota aðstöðu á landsvæði eins þeirra öðrum samningsaðilum til hagsbóta, einkum ef úrgangur á rót sína að rekja til sameiginlegra verkefna,

- xii. sem viðurkenna að hvert ríki á rétt á að leggja bann við því að notað eldsneyti og geislavirkur úrgangur frá öðrum löndum séu flutt inn á landsvæði hans,
 - xiii. sem hafa í huga samning um kjarnorkuöryggi (1994), samning um að tilkynna án tafar um kjarnorkuslys (1986), samning um aðstoð ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar (1986), samning um vörslu kjarnakleifra efna (1980), samning um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það með áorðnum breytingum (1994) og aðra alþjóðlega gerninga,
 - xiv. sem hafa í huga frumatriðin í „Alþjóðlegum grundvallaröryggisstöðlum um varnir gegn jónandi geislun og geislalindir“ (1996) sem settir eru á vegum allmargra stofnana í skjali Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar um grundvallaratriði öryggismála sem ber titilinn „Frumatriði meðferðar geislavirks úrgangs“ (1995) og í gildandi alþjóðlegum stöðlum um öruggan flutning geislavirkra efna,
 - xv. sem minnst ákvæða 22. kafla verkaskrár 21, sem var sett fram á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiró og samþykkt 1992, þar sem áréttuð er grundvallarþýðing þess að meðferð geislavirks úrgangs sé örugg og vistvæn,
 - xvi. sem viðurkenna að æskilegt er að herða alþjóðlegt eftirlit, einkum með geislavirkum efnum, eins og um getur í 3. mgr. 1. gr. Baselsamningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra (1989),
- hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. KAFLI

Markmið, skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmiðin með samningi þessum eru eftirfarandi:

- i. að skapa sem mest öryggi í meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs um heim allan og viðhalda því með því að gera áhrifaríkari ráðstafanir á innlendum vettvangi og efla alþjóðlega samvinnu, meðal annars og eftir því sem við á, samvinnu tæknilegs eðlis á sviði öryggismála;
- ii. að tryggja að á öllum stigum meðferðar notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs séu til staðar virkar varnir gegn hugsanlegri hættu sem mynda skjól fyrir skaðlegum áhrifum á einstaklinga, samfélag og umhverfi af völdum jónandi geislunar, í nútíð og framtíð, með þeim hætti að komið sé til móts við þarfir og væntingar núlifandi kynslóða án þess að stofna getu komandi kynslóða til að uppfylla þarfir sínar og væntingar í voða;
- iii. að afstýra slysum, sem leiða til geislunar, og draga úr afleiðingum þeirra beri þau að á einhverju stigi meðferðar notaðs eldsneytis eða geislavirks úrgangs.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a. „lokun“ merkir að öllum aðgerðum er lokið einhvern tíma eftir að notuðu eldsneyti eða geislavirkum úrgangi hefur verið komið fyrir í förgunarstöð. Átt er meðal annars við tæknilegan frágang eða önnur nauðsynleg verk til þess að færa stöðina til öruggs horfs til lengri tíma lítið;
- b. „ónýting“ merkir hverja þá ráðstöfun sem leiðir til þess að tilskildu eftirliti með kjarnorkustöð, annarri en förgunarstöð, er hætt. Meðal slíkra ráðstafana eru hreinsun og niðurrif;
- c. „útreymi“ merkir skipulagða losun fljótandi eða loftkenndra geislavirkra efna út í umhverfið undir eftirliti, sem jafnframt er lögmat framkvæmd og innan marka sem viðkomandi umsýslustofnun heimilar, frá eftirlitsskyldum kjarnorkustöðvum þegar eðlileg starfsemi fer þar fram;
- d. „förgun“ merkir að koma notuðu eldsneyti eða geislavirkum úrgangi fyrir í viðeigandi stöð án þess að gert sé ráð fyrir að það eða hann verði endurheimtur;

- e. „leyfi“ merkir heimild, samþykki eða vottun sem umsýslustofnun veitir til þess að stunda starfsemi sem tengist meðferð notaðs eldsneytis eða geislavirks úrgangs;
- f. „kjarnorkustöð“ merkir stöð til borgaralegra nota, ásamt tilheyrandi landi, byggingum og tækjabúnaði, þar sem geislavirk efni eru framleidd, unnin, notuð, meðhöndluð, geymd eða þeim fargað í það miklum mæli að nauðsynlegt er að huga að öryggismálum;
- g. „meðan stöð er starfrækt“ merkir það tímabil sem meðferðarstöð fyrir notað eldsneyti eða geislavirkan úrgang er notuð á til að gegna því hlutverki sem henni er ætlað. Þegar um ræðir förgunarstöð telst tímabilið hafið þegar notuðu eldsneyti eða geislavirkum úrgangi er fyrst komið fyrir í stöðinni og lokið þegar henni er lokað;
- h. „geislavirkur úrgangur“ merkir geislavirkt efni, loftkennt, fljótandi eða fast, sem engin frekari not eru fyrir að mati viðkomandi samningsaðila eða einstaklings eða lögaðila, sem tekið hefur ákvörðun í þeim efnum sem samningsaðilinn samþykkir, þ.e. geislavirkt efni sem umsýslustofnun hefur eftirlit með í samræmi við lög samningsaðilans og reglugerðir sem væri það geislavirkur úrgangur;
- i. „meðferð geislavirks úrgangs“ merkir allar aðgerðir, meðal annars ónýtingu, sem tengjast meðhöndlun, formeðferð, meðferð, lokafrágangi, geymslu eða förgun geislavirks úrgangs, að frátöldum flutningi utan staðar. Hún getur og falist í útstreymi;
- j. „meðferðarstöð fyrir geislavirkan úrgang“ merkir stöð eða búnað, sem gegnir fyrst og fremst því hlutverki að vera vettvangur meðferðar geislavirks úrgangs, meðal annars kjarnorkustöð, sem verið er að ónýta, að því tilskildu að viðkomandi samningsaðili hafi gefið til kynna að um meðferðarstöð fyrir geislavirkan úrgang sé að ræða;
- k. „umsýslustofnun“ merkir stofnun eða stofnanir sem viðkomandi samningsaðili veitir lagaheimild til að setja reglur um alla öryggisþætti meðferðar notaðs eldsneytis eða geislavirks úrgangs, meðal annars að veita leyfi;
- l. „endurvinnsla“ merkir ferli eða aðgerð í því skyni að skilja geislavirkar samsætur frá notuðu eldsneyti til þess að unnt sé að nota það frekar;
- m. „lokuð geislalind“ merkir geislavirkt efni, sem er varanlega lokað í hylki eða tryggilega bundið og í föstu formi, að frátöldum eldsneytisefnum kjarnakljúfa;
- n. „notað eldsneyti“ merkir kjarnaeldsneyti sem hefur verið geislað í og endanlega fjarlæggt úr ofnkjarna;
- o. „meðferð notaðs eldsneytis“ merkir allar aðgerðir sem tengjast meðhöndlun eða geymslu notaðs eldsneytis, að frátöldum flutningi utan staðar. Hún getur og falist í útstreymi;
- p. „meðferðarstöð fyrir notað eldsneyti“ merkir stöð eða búnað, sem gegnir fyrst og fremst því hlutverki að vera vettvangur meðferðar notaðs eldsneytis;
- q. „viðtökuríki“ merkir ríki sem fyrirhugað er að hefja millilandaflutning til eða slíkur flutningur fer fram til;
- r. „upprunaríki“ merkir ríki sem fyrirhugað er að hefja millilandaflutning frá eða slíkur flutningur er hafinn frá;
- s. „umflutningsríki“ merkir hvert það ríki, annað en upprunaríki eða viðtökuríki, sem á landsvæði sem millilandaflutningur er fyrirhugaður um eða fer um;
- t. „geymsla“ merkir vörslu notaðs eldsneytis eða geislavirks úrgangs í stöð þar sem því eða honum er haldið í skefjum með endurheimt í huga;
- u. „millilandaflutningur“ merkir hvers kyns flutning notaðs eldsneytis eða geislavirks úrgangs frá upprunaríki til viðtökuríkis.

3. gr.

Gildissvið.

1. Samningur þessi gildir um örugga meðferð notaðs eldsneytis sem á rót sína að rekja til starfrækslu kjarnakljúfa til borgaralegra nota. Samningur þessi fjallar ekki um notað eldsneyti í vörslu í endurvinnslustöðvum vegna endurvinnslu nema viðkomandi samningsaðili greini frá því að endurvinnslan sé liður í meðferð notaðs eldsneytis.
2. Samningur þessi gildir og um örugga meðferð geislavirks úrgangs sem á rót sína að rekja til borgaralegra nota. Samningur þessi gildir samt sem áður ekki um úrgang, sem inniheldur aðeins geislavirk efni sem fyrirfinnast í náttúrunni og ekki á uppruna að rekja til kjarnorku-

iðnaðar, nema um sé að ræða aflagða, lokaða geislalind, eða að viðkomandi samningsaðili tilkynni að um geislavirkan úrgang sé að ræða í skilningi þessa samnings.

3. Samningur þessi gildir ekki um örugga meðferð notaðs eldsneytis eða geislavirks úrgangs, sem fellur undir her- eða varnarmálaáætlanir, nema viðkomandi samningsaðili tilkynni að um notað eldsneyti eða geislavirkan úrgang sé að ræða í skilningi þessa samnings. Samningur þessi gildir samt sem áður um örugga meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs frá her- eða varnarmálaáætlunum ef og þegar slík efni eru endanlega flutt og meðhöndluð samkvæmt framkvæmdaáætlunum sem eru alfarið af borgaralegum toga.
4. Samningur þessi gildir ennfremur um útstreymi samanber ákvæði 4., 7., 11., 14., 24. og 26. gr.

2. KAFLI

Örugg meðferð notaðs eldsneytis.

4. gr.

Almennar kröfur um öryggi.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingar, samfélag og umhverfi njóti fullnægjandi verndar gegn geislunarhættu á öllum stígum meðferðar notaðs eldsneytis.

Hver samningsaðili skal, samhliða fyrirhuguðum ráðstöfunum, gera viðeigandi ráðstafanir til að:

- i. tryggja að ráðist sé með fullnægjandi hætti í að hafa hemil á keðjuverkun og í kælingu þegar um ræðir afgangsvarma samfara meðferð notaðs eldsneytis;
- ii. koma í veg fyrir, eins og frekast er unnt, að til verði geislavirkur úrgangur í tengslum við meðferð notaðs eldsneytis í samræmi við þá stefnu sem er samþykkt viðvíkjandi endurnýtingu eldsneytis;
- iii. tekið sé tillit til þess að ólíkir þættir meðferðar notaðs eldsneytis eru háðir innbyrðis;
- iv. einstaklingum, samfélagi og umhverfi sé séð fyrir öruggri vernd með því að gera viðeigandi verndarráðstafanir innanlands sem viðkomandi umsýslustofnun samþykkir og landslög kveða á um, þ.e. innlend löggjöf þar sem eðlilegt tillit er tekið til viðmiðana og staðla sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar;
- v. tekið sé tillit til hættu af líffræðilegum og efnafræðilegum toga og annarrar hættu sem kann að fylgja meðferð notaðs eldsneytis;
- vi. áhersla sé lögð á að forðast aðgerðir sem hafa áhrif, eftir atvikum fyrirsjáanleg, á komandi kynslóðir, áhrif sem eru meiri en ásættanlegt er talið fyrir núlifandi kynslóðir;
- vii. kostað sé kapps um að forðast að leggja óeðlilegar byrðar á komandi kynslóðir.

5. gr.

Núverandi stöðvar.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að endurskoða öryggi meðferðarstöðva fyrir notað eldsneyti, sem fyrirfinnast þegar samningur þessi öðlast gildi gagnvart honum, og tryggja að allar raunhæfar endurbætur séu gerðar í því skyni að auka öryggi slíkra stöðva ef nauðsyn ber til.

6. gr.

Staðsetning fyrirhugaðra stöðva.

1. Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að verklagsreglur séu settar vegna fyrirhugaðrar meðferðarstöðvar fyrir notað eldsneyti og þeim framfylgt í því skyni að:
 - i. meta alla mikilvæga þætti er varða staðsetningu og líklegt er að hafi áhrif á öryggi slíkrar stöðvar meðan hún er starfrækt;
 - ii. meta þau áhrif sem líklegt er að slík stöð hafi á einstaklinga, samfélag og umhverfi með tilliti til öryggis;
 - iii. gera upplýsingar um öryggi slíkrar stöðvar aðgengilegar almenningi;
 - iv. haft sé samráð við samningsaðila, sem eiga landsvæði nálægt slíkri stöð, að því leyti sem

- líklegt er að þeir verði fyrir áhrifum frá stöðinni, og þeim séu látin í té almenn gögn um stöðina, sé eftir þeim óskað, til þess að gera þeim kleift að meta þau áhrif sem líklegt er að stöðin hafi á landsvæðum þeirra með tilliti til öryggis.
2. Hver samningsaðili skal, samhliða fyrrnefndum ráðstöfunum, gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fyrrnefndar stöðvar hafi ekki óviðunandi áhrif á aðra samningsaðila með því að staðsetja þær í samræmi við almennar kröfur um öryggi skv. 4. gr.

7. gr.

Hönnun og bygging stöðva.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja:

- i. að við hönnun og byggingu meðferðarstöðva fyrir notað eldsneyti sé gert ráð fyrir viðeigandi aðgerðum til þess að takmarka hugsanleg áhrif af völdum geislunar á einstaklinga, samfélag og umhverfi, m.a. þess konar áhrif sem rekja má til útstreymis eða stjórnláusrar losunar;
- ii. að strax á hönnunarstigi sé tekið mið af fræðilegum áætlunum og, eftir því sem þörf krefur, tæknilegum ráðstöfunum vegna ónýtingar meðferðarstöðvar fyrir notað eldsneyti;
- iii. að sú tækni, sem er felld inn í hönnun og byggingu meðferðarstöðvar fyrir notað eldsneyti, sé byggð á reynslu, prófunum eða greiningu.

8. gr.

Mat á öryggi stöðva.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að:

- i. áður en meðferðarstöð fyrir notað eldsneyti er byggð fari fram kerfisbundið mat á öryggis- og umhverfismálum þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til þeirrar hættu sem stafar af stöðinni og skal slíkt mat ná yfir allan þann tíma sem stöðin er starfrækt;
- ii. áður en starfræksla meðferðarstöðvar fyrir notað eldsneyti hefst sé gert nýtt og nákvæmt öryggis- og umhverfismat, sé það talið nauðsynlegt, til viðbótar matinu er um getur í i-lið.

9. gr.

Starfræksla stöðva.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að:

- i. rekstrarleyfi meðferðarstöðvar fyrir notað eldsneyti sé byggt á viðeigandi mati sbr. 8. gr. og sé með fyrirvara um að fullgerð sé áætlun um nýtingu þar sem sýnt er fram á að stöðin, eins og hún er byggð, uppfylli kröfur um hönnun og öryggi;
- ii. takmarkanir á og skilyrði fyrir starfrækslu, sem leiðir af prófunum, reynslu af starfrækslu og matsgerðunum sbr. 8. gr., séu skilgreind og endurskoðuð eftir því sem þörf krefur;
- iii. starfræksla, viðhald, eftirlit með, skoðun og prófanir meðferðarstöðvar fyrir notað eldsneyti séu í samræmi við viðurkenndar verklagsreglur;
- iv. verkfræði- og tæknilegur stuðningur á öllum sviðum, sem tengjast öryggi, sé fyrir hendi allan þann tíma sem meðferðarstöð fyrir notað eldsneyti er starfrækt;
- v. leyfishafi tilkynni viðkomandi umsýslustofnun tímanlega um tilvik sem hafa þýðingu með tilliti til öryggis;
- vi. áætlanir um að afla og skilgreina reynslu af starfrækslu, sem máli skiptir, séu samþykktar og að brugðist sé við niðurstöðum eftir því sem við á;
- vii. áætlanir um að ónýta meðferðarstöð fyrir notað eldsneyti séu gerðar og uppfærðar, eftir því sem þörf krefur, með því að styðjast við upplýsingar, sem er aflað meðan viðkomandi stöð er starfrækt, og að viðkomandi umsýslustofnun endurskoði slíkar áætlanir.

10. gr.

Förgun notaðs eldsneytis.

Hafi samningsaðili tiltekið, samkvæmt eigin lögum og reglugerðum, notað eldsneyti sem skal farga skal það gert í samræmi við þær skuldbindingar sem um getur í 3. kafla og varða förgun geislavirks úrgangs.

3. KAFLI Örugg meðferð geislavirks úrgangs.

11. gr.

Almennar kröfur um öryggi.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingar, samfélag og umhverfi njóti fullnægjandi verndar gegn geislunarhættu og annars konar hættu á öllum stigum meðferðar geislavirks úrgangs.

Hver samningsaðili skal, samhliða fyrrnefndum ráðstöfunum, gera viðeigandi ráðstafanir til að:

- i. tryggja að ráðist sé með fullnægjandi hætti í að hafa hemil á keðjuverkun og í kælingu þegar um ræðir afgangsvarma samfara meðferð geislavirks úrgangs;
- ii. tryggja að reynt sé, eins og frekast er unnt, að koma í veg fyrir að geislavirkur úrgangur myndist;
- iii. tekið sé tillit til þess að ólíkir þættir meðferðar geislavirks úrgangs eru háðir innbyrðis;
- iv. einstaklingum, samfélagi og umhverfi sé séð fyrir öruggri vernd með því að gera viðeigandi verndarráðstafanir innanlands sem viðkomandi umsýslustofnun samþykkir og landslög kveða á um, þ.e. innlend löggjöf þar sem eðlilegt tillit er tekið til viðmiðana og staðla sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar;
- v. tekið sé tillit til hættu af líffræðilegum og efnafræðilegum toga og annarrar hættu sem kann að fylgja meðferð geislavirks úrgangs;
- vi. áhersla sé lögð á að forðast aðgerðir sem hafa áhrif, eftir atvikum fyrirjáanleg, á komandi kynslóðir, áhrif sem eru meiri en ásætlanlegt er talið fyrir núlifandi kynslóðir;
- vii. kostað sé kapps um að forðast að leggja óeðlilegar byrðar á komandi kynslóðir.

12. gr.

Núverandi stöðvar og fyrri starfshættir.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að endurskoða:

- i. öryggi meðferðarstöðva fyrir geislavirkan úrgang, sem fyrirfinnast þegar samningur þessi öðlast gildi gagnvart honum, og tryggja að allar raunhæfar endurbætur séu gerðar í því skyni að auka öryggi slíkra stöðva ef nauðsyn ber til;
- ii. hverju fyrri starfshættir hafa skilað í því skyni að ákveða hvort nauðsynlegt sé að grípa til ráðstafana vegna geislavarna með það að leiðarljósi að minnkun tjóns, sem er rakin til skammtaminnkunar, ætti að vera nægileg til þess að réttlæta skaða og tilkostnað, m.a. samfélagslegan kostnað, samfara fyrrnefndum ráðstöfunum.

13. gr.

Staðsetning fyrirhugaðra stöðva.

1. Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að verklagsreglur séu settar vegna fyrirhugaðrar meðferðarstöðvar fyrir geislavirkan úrgang og þeim framfylgt í því skyni að:
 - i. meta alla mikilvæga þætti er varða staðsetningu og líklegt er að hafi áhrif á öryggi slíkrar stöðvar meðan hún er starfrækt og förgunarstöðvar eftir að henni hefur verið lokað;
 - ii. meta þau áhrif sem líklegt er að slík stöð hafi á einstaklinga, samfélag og umhverfi, með tilliti til öryggis, með hliðsjón af því hvernig ástand þeirra staða, þar sem förgunarstöðvar eru niðurkomnar, kann að þróast eftir að stöðvunum hefur verið lokað;
 - iii. gera upplýsingar um öryggi slíkrar stöðvar aðgengilegar almenningi;
 - iv. haft sé samráð við samningsaðila, sem eiga landsvæði nálægt slíkri stöð, að því leyti sem líklegt er að þeir verði fyrir áhrifum frá stöðinni, og þeim verði látin í té almenn gögn um stöðina, sé eftir þeim óskað, til þess að gera þeim kleift að meta þau áhrif sem líklegt er að stöðin hafi á landsvæðum þeirra með tilliti til öryggis.
2. Hver samningsaðili skal, samhliða fyrrnefndum ráðstöfunum, gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fyrrnefndar stöðvar hafi ekki óviðunandi áhrif á aðra samningsaðila með því að staðsetja þær í samræmi við almennar kröfur um öryggi skv. 11. gr.

14. gr.

Hönnun og bygging stöðva.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja:

- i. að við hönnun og byggingu meðferðarstöðvar fyrir geislavirkan úrgang sé gert ráð fyrir viðeigandi aðgerðum til þess að takmarka hugsanleg áhrif af völdum geislunar á einstaklinga, samfélag og umhverfi, m.a. þess konar áhrif sem rekja má til útstreymis eða stjórnlausrar losunar;
- ii. að strax á hönnunarstigi sé tekið mið af fræðilegum áætlunum og, eftir því sem þörf krefur, tæknilegum ráðstöfunum vegna ónýtingar meðferðarstöðvar fyrir geislavirkan úrgang, annarrar en förgunarstöðvar;
- iii. að strax á hönnunarstigi séu tæknilegar ráðstafanir gerðar vegna lokunar förgunarstöðvar;
- iv. að sú tækni, sem er felld inn í hönnun og byggingu meðferðarstöðvar fyrir geislavirkan úrgang, sé byggð á reynslu, prófunum eða greiningu.

15. gr.

Mat á öryggi stöðva.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja:

- i. að áður en meðferðarstöð fyrir geislavirkan úrgang er byggð fari fram kerfisbundið mat á öryggis- og umhverfismálum þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til þeirrar hættu sem stafar frá stöðinni og skal slíkt mat ná yfir allan þann tíma sem stöðin er starfrækt;
- ii. að auki, að áður en förgunarstöð er byggð fari fram kerfisbundið mat á öryggis- og umhverfismálum fyrir ótiltekið tímabil eftir að henni hefur verið lokað og niðurstöður bornar saman við viðmiðanir viðkomandi umsýslustofnunar;
- iii. að áður en starfræksla meðferðarstöðvar fyrir geislavirkan úrgang hefst sé gert nýtt og nákvæmt öryggis- og umhverfismat, sé það talið nauðsynlegt, til viðbótar matinu er um getur í i-lið.

16. gr.

Starfræksla stöðva.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að:

- i. rekstrarleyfi meðferðarstöðvar fyrir geislavirkan úrgang sé byggt á viðeigandi mati sbr. 15. gr. og sé með fyrirvara um að fullgerð sé áætlun um nýtingu þar sem sýnt er fram á að stöðin, eins og hún er byggð, uppfylli kröfur um hönnun og öryggi;
- ii. takmarkanir á og skilyrði fyrir starfrækslu, sem leiðir af prófunum, reynslu af starfrækslu og matsgerðunum sbr. 15. gr., séu skilgreind og endurskoðuð eftir því sem þörf krefur;
- iii. starfræksla, viðhald, eftirlit með, skoðun og prófanir meðferðarstöðvar fyrir geislavirkan úrgang séu í samræmi við viðurkenndar verklagsreglur. Að því er varðar förgunarstöð skal nota niðurstöður, sem eru fengnar með þessum hætti, til þess að sannprófa og kanna gildi fram kominna tilgátna og uppfæra matið, sem um getur í 15. gr., fyrir ótiltekið tímabil eftir að henni hefur verið lokað;
- iv. verkfræði- og tæknilegur stuðningur á öllum sviðum, sem tengjast öryggi, sé fyrir hendi allan þann tíma sem meðferðarstöð fyrir geislavirkan úrgang er starfrækt;
- v. aðferðum við að greina eðli geislavirks úrgangs og aðskilja hann sé beitt;
- vi. leyfishafi tilkynni viðkomandi umsýslustofnun tímanlega um tilvik sem hafa þýðingu með tilliti til öryggis;
- vii. áætlanir um að afla og skilgreina reynslu af starfrækslu, sem máli skiptir, séu samþykktar og að brugðist sé við niðurstöðum eftir því sem við á;
- viii. áætlanir um að ónýta meðferðarstöð fyrir geislavirkan úrgang, aðra en förgunarstöð, séu gerðar og uppfærðar, eftir því sem þörf krefur, með því að styðjast við upplýsingar, sem er aflað meðan viðkomandi stöð er starfrækt, og að viðkomandi umsýslustofnun endurskoði slíkar áætlanir;
- ix. áætlanir um lokun förgunarstöðvar séu gerðar og uppfærðar, eftir því sem þörf krefur, með því að styðjast við upplýsingar, sem er aflað meðan viðkomandi stöð er starfrækt, og að viðkomandi umsýslustofnun endurskoði slíkar áætlanir.

17. gr.

Venjubundnar ráðstafanir eftir lokun.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að eftir að förgunarstöð hefur verið lokað:

- i. séu skjöl um staðsetningu, hönnun og birgðir stöðvarinnar, sem viðkomandi umsýslustofnun gerir kröfu um, varðveitt;
- ii. fari fram virk eða óvirk venjubundin gæsla, beri nauðsyn til, t.d. eftirlit eða aðgangstakmarkanir; og
- iii. verði þess vart, þegar virk, venjubundin gæsla stendur yfir, að geislavirk efni, sem ekki var gert ráð fyrir, sleppi út í umhverfið verði gripið til viðeigandi ráðstafana sé þörf á því.

4. KAFLI

Almenn ákvæði um öryggi.

18. gr.

Framkvæmdarráðstafanir.

Hver samningsaðili skal, innan þeirra marka sem landslög hans setja, gera nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar, reglusetningar og stjórnáslu og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að efna skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi.

19. gr.

Laga- og regluramma.

1. Hver samningsaðili skal setja rammalöggjöf og smíða regluramma til að tryggja örugga meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs.
2. Í rammalöggjöfinni og reglurammanum skal kveðið á um:
 - i. að settar verði fram viðeigandi, innlendar öryggiskröfur og -reglur sem lúta að geislavörnum;
 - ii. fyrirkomulag leyfisveitingar fyrir starfsemi á sviði meðferðar notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs;
 - iii. fyrirkomulag þess að banna starfrækslu stöðva fyrir meðferð notaðs eldsneytis eða geislavirks úrgangs sem ekki er leyfi fyrir;
 - iv. fyrirkomulag viðeigandi stofnanaeftirlits, skoðunar reglum samkvæmt og skjalahalds og skýrslugjafar;
 - v. beitingu gildandi reglna og skilmála veittra leyfa;
 - vi. með skýrum hætti, hver ábyrgð hverrar stofnunar, sem kemur að aðskiljanlegum áföngum meðferðar notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs, er.
3. Samningsaðilar skulu taka eðlilegt tillit til tilgangs og markmiða samnings þessa þegar þeir fjalla um það hvort setja beri geislavirk efni undir reglur sem gilda um geislavirkan úrgang.

20. gr.

Umsýslustofnun.

1. Hver samningsaðili skal koma á fót eða tilnefna umsýslustofnun sem er falið að framkvæma þá rammalöggjöf og þann regluramma, sem um getur í 19. gr., og fær fullt umboð, valdsvið, fjármagn og mannafla til þess að gegna skyldum sínum.
2. Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við rammalöggjöf sína og regluramma, til þess að tryggja að umsýsluhlutverki sé haldið algerlega aðgreindu frá öðrum hlutverkum ef þannig háttar til að stofnanir koma hvorttveggja að meðferð notaðs eldsneytis eða geislavirks úrgangs og umsýslu þar að lútandi.

21. gr.

Ábyrgð leyfishafa.

1. Hver samningsaðili skal tryggja að viðkomandi leyfishafi beri meginábyrgð á því að fyllsta öryggis sé gætt við meðferð notaðs eldsneytis eða geislavirks úrgangs og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggt sé að leyfishafinn uppfylli skyldur sínar.

2. Ef ekki er um leyfishafa að ræða eða annan ábyrgan aðila ber samningsaðilinn, sem fer með lögsögu yfir hinu notaða eldsneyti eða hinum geislavirka úrgangi, alla ábyrgð.

22. gr.

Mannaflí og fjármagn.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að:

- i. hæft starfslið sé til taks, eftir því sem þörf krefur, vegna aðgerða á sviði öryggismála meðan meðferðarstöð fyrir notað eldsneyti og geislavirkan úrgang er starfrækt;
- ii. nægilegt fjármagn sé til ráðstöfunar í því skyni að stuðla að öryggi meðferðarstöðva fyrir notað eldsneyti og geislavirkan úrgang meðan þær eru starfræktar og vegna ónýtingar;
- iii. útvegað verði fjármagn sem geri kleift að halda áfram viðeigandi og venjubundinni gæslu og eftirlitsaðgerðum eins lengi og nauðsynlegt er talið eftir að förgunarstöð hefur verið lokað.

23. gr.

Gæðatrygging.

Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að samþykktar verði viðeigandi áætlanir um gæðatryggingu, er varða örugga meðferð notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs, og þeim hrint í framkvæmd.

24. gr.

Geislavarnir jafnhliða starfrækslu.

1. Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að meðan meðferðarstöð fyrir notað eldsneyti eða geislavirkan úrgang er starfrækt:
 - i. sé váhrifum af völdum geislunar á starfsmenn og almenning, sem rekja má til stöðvarinnar, haldið niðri eins og frekast er unnt, að teknu tilliti til efnahags- og félagslegra þátta;
 - ii. verði enginn einstaklingur fyrir geislun, við eðlilegar aðstæður, í skömmtum yfir innlendum forskriftum um skammtastærðir sem eru í góðu samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla um geislavarnir; og
 - iii. verði gerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir ófyrirséða og stjórnlausu losun geislavirkra efna út í umhverfið.
2. Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að útstreymi takmarkist við:
 - i. að halda váhrifum af völdum geislunar niðri eins og frekast er unnt, að teknu tilliti til efnahags- og félagslegra þátta; og
 - ii. þannig að enginn einstaklingur verði fyrir geislun, við eðlilegar aðstæður, í skömmtum yfir innlendum forskriftum um skammtastærðir sem eru í góðu samræmi við alþjóðlega viðurkennda staðla um geislavarnir.
3. Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja, komi til ófyrirséðrar og stjórnlausrar losunar geislavirkra efna út í umhverfið meðan eftirlitsskyld kjarnorkustöð er starfrækt, að viðeigandi lagfæringar verði gerðar í því skyni að hafa stjórn á losuninni og milda áhrif hennar.

25. gr.

Neyðarviðbúnaður.

1. Hver samningsaðili skal tryggja að til séu viðeigandi neyðaráætlanir sem grípa má til á staðnum og, ef nauðsyn krefur, utan staðar áður en starfræksla meðferðarstöðvar fyrir notað eldsneyti eða geislavirkan úrgang hefst eða meðan á henni stendur. Prófa ber slíkar neyðaráætlanir með hæfilegu millibili.
2. Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að semja og prófa neyðaráætlanir fyrir landsvæði sitt, að því marki sem líkur eru á að þar gæti áhrifa komi til neyðarástands vegna geislunar í meðferðarstöð fyrir notað eldsneyti eða geislavirkan úrgang sem er staðsett nálægt landsvæði hans.

26. gr.

Ónýting.

Hver samningsaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja öryggi þegar kjarnorku-stöðvar eru ónýttar. Með slíkum ráðstöfunum skal tryggja að:

- i. hæft starfslið sé til taks og nægilegt fjármagn fyrir hendi;
- ii. ákvæðum 24. gr., sem fjalla um geislavarnir jafnhliða starfrækslu, útstreymi og ófyrirséða og stjórnlausu losun, sé beitt;
- iii. ákvæðum 25. gr., sem fjalla um neyðarviðbúnað, sé beitt; og
- iv. skýrslur, sem innihalda upplýsingar sem hafa þýðingu með tilliti til ónýtingar, séu haldnar.

5. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Millilandaflutningur.

1. Hver samningsaðili, sem á aðild að flutningi milli landa, skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að slíkur flutningur fari fram í samræmi við ákvæði þessa samnings og bindandi alþjóðlegra gerninga sem við eiga.

Samhliða fyrrnefndum ráðstöfunum:

- i. skal samningsaðili, sem er upprunaríki, gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að millilandaflutningur sé því aðeins heimilaður og fari fram að viðtökuríkinu hafi verið tilkynnt um hann fyrirfram og það hafi veitt samþykki sitt;
 - ii. skal millilandaflutningur um umflutningsríki vera með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar sem gilda um þá tilteknu flutningsmáta sem eru nýttir;
 - iii. skal samningsaðili, sem er viðtökuríki, því aðeins samþykkja millilandaflutning að hann hafi nauðsynlegt hæfi á sviði stjórnsýslu og tækni, og búi við það lagaumhverfi, sem er nauðsynlegt til þess að fara með notað eldsneyti eða geislavirkan úrgang á þann hátt sem ákvæði þessa samnings mæla fyrir um;
 - iv. skal samningsaðili, sem er upprunaríki, því aðeins heimila millilandaflutning að hann geti gengið úr skugga um, í samræmi við samþykki viðtökuríkisins, að kröfum iii-liðar sé fullnægt áður en millilandaflutningur fer fram;
 - v. skal samningsaðili, sem er upprunaríki, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að heimila endurflutning inn á landsvæði sitt, verði millilandaflutningi ekki lokið, eins og ákvæði þessarar greinar kveða á um, eða það er óframkvæmanlegt, nema unnt sé að gera aðrar öruggar ráðstafanir.
2. Samningsaðili skal ekki gefa út leyfi fyrir flutningi notaðs eldsneytis síns eða geislavirks úrgangs til geymslu eða förgunar á áfangastað sem er sunnan 60. breiddargráðu til suðurs.
 3. Ekkert í þessum samningi skerðir eða hefur áhrif á:
 - i. rétt og frelsi skipa og loftfara allra ríkja til þess að athafna sig á höfum, ám og í lofti eins og reglur þjóðaréttar kveða á um;
 - ii. rétt samningsríkis, sem geislavirkur úrgangur er fluttur út til, til vinnslu, til þess að skila, eða gera ráðstafanir til þess að skila, hinum geislavirka úrgangi og öðrum efnum að meðferð lokinni til upprunaríkisins;
 - iii. rétt samningsaðila til þess að flytja út notað eldsneyti sitt til endurvinnslu;
 - iv. rétt samningsríkis, sem notað eldsneyti er flutt út til, til endurvinnslu, til þess að skila, eða gera ráðstafanir til þess að skila, hinu notaða eldsneyti og öðrum afurðum endurvinnslunnar til upprunaríkisins.

28. gr.

Aflagðar, lokaðar geislalindir.

1. Hver samningsaðili skal, innan þeirra marka sem landslög hans setja, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að öryggis sé gætt við vörslu, endurnýjun eða förgun aflagðra, lokaðra geislalinda.

2. Samningsaðili skal heimila að aflagðar, lokaðar geislalindir komi aftur inn á landsvæði hans hafi hann samþykkt, innan þeirra marka sem landslög hans setja, að þeim verði skilað til framleiðanda sem er fær um að taka við slíkum aflögðum, lokuðum geislalindum og varðveita þær.

6. KAFLI Þing samningsaðila.

29. gr.

Undirbúningsþing.

1. Halda ber undirbúningsþing samningsaðila eigi síðar en sex mánuðum eftir þann dag er samningur þessi öðlast gildi.
2. Á undirbúningsþinginu skulu samningsaðilar:
 - i. ákveða daginn sem halda ber fyrsta úttektarþingið eins og um getur í 30. gr. Halda ber fyrrnefnt úttektarþing eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en að 30 mánuðum liðnum frá því að samningur þessi öðlast gildi;
 - ii. semja og samþykkja samhljóða reglur um málsmeðferð og fjárhag;
 - iii. samþykkja, sérstaklega og í samræmi við reglur um málsmeðferð:
 - a. viðmiðunarreglur um form og uppbyggingu þeirra landsskýrslna sem leggja ber fram skv. 32. gr.;
 - b. hvenær beri að leggja slíkar skýrslur fram;
 - c. með hvaða hætti beri að yfirfara skýrslurnar.
3. Hverju ríki eða svæðisstofnun á sviði samlögunar eða annars konar svæðisstofnun, sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum eða vottar hann með formlegum hætti án þess að ákvæði hans hafi enn komið til framkvæmda gagnvart því eða henni, er heimilt að sækja undirbúningsþingið sem væri það eða hún aðili að samningi þessum.

30. gr.

Úttektarþing.

1. Samningsaðilarnir skulu halda þing í því skyni að yfirfara skýrslurnar sem eru lagðar fram skv. 32. gr.
2. Á hverju úttektarþingi:
 - i. skulu samningsaðilarnir ákveða hvenær halda á næsta úttektarþing með hliðsjón af þeirri reglu að eigi skal liða lengri tími en þrjú ár milli slíkra þinga;
 - ii. geta samningsaðilarnir tekið það fyrirkomulag, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 29. gr., til endurskoðunar og samþykkt breytingar samhljóða nema reglur um málsmeðferð kveði á um annað. Þeir geta einnig breytt reglum um málsmeðferð og fjárhag með samhljóða samþykki.
3. Á hverju úttektarþingi skal sérhverjum samningsaðila gefið eðlilegt tækifæri til þess að ræða skýrslurnar, sem hinir samningsaðilarnir leggja fram, og óska eftir skýringum.

31. gr.

Aukaþing.

Halda ber aukaðing samningsaðila:

- i. samþykki meirihluti fulltrúa samningsaðilanna, sem eru viðstaddir og atkvæði greiða, það á þingi; eða
- ii. að fram kominni skriflegri beiðni eins samningsaðila, að því tilskildu að beiðninni hafi verið komið á framfæri við samningsaðilana og skrifstofunni, sem um getur í 37. gr., hafi borist tilkynning um að beiðnin hafi hlotið stuðning meirihluta samningsaðilanna innan sex mánaða frá því að hún var lögð fram.

32. gr.

Skýrslugjöf.

1. Hver samningsaðili skal leggja fram landsskýrslu á hverju úttektarþingi samningsaðila í samræmi við ákvæði 30. gr. Í skýrslunni skal fjallað um þær ráðstafanir sem eru gerðar til þess

að efna hverja þá skuldbindingu er um getur í samningi þessum. Að því er varðar hvern samningsaðila skal í skýrslunni einnig fjallað um:

- i. þá stefnu sem hann fylgir í málum er varða meðferð notaðs eldsneytis;
 - ii. aðferðir við meðferð notaðs eldsneytis;
 - iii. þá stefnu sem hann fylgir í málum er varða meðferð geislavirks úrgangs;
 - iv. aðferðir við meðferð geislavirks úrgangs;
 - v. viðmiðanir sem er stuðst við þegar skilgreina á geislavirkan úrgang og flokka.
2. Skýrslan skal og innihalda:
- i. skrá yfir meðferðarstöðvar fyrir notað eldsneyti, sem falla undir ákvæði þessa samnings, þar sem tiltekin er staðsetning þeirra, megintilgangur og helstu einkenni;
 - ii. upplýsingar um birgðir notaðs eldsneytis, sem fellur undir ákvæði þessa samnings og er í geymslu, og notaðs eldsneytis sem hefur verið fargað. Upplýsingar þessar skulu innihalda lýsingu á efninu og í þeim skal getið um massa þess og hvers kyns virkni, séu slíkar upplýsingar tiltækar;
 - iii. skrá yfir meðferðarstöðvar fyrir geislavirkan úrgang, sem falla undir ákvæði þessa samnings, þar sem tiltekin er staðsetning þeirra, megintilgangur og helstu einkenni;
 - iv. upplýsingar um birgðir geislavirks úrgangs sem fellur undir ákvæði þessa samnings og:
 - a. er í geymslu í meðferðarstöðvum fyrir geislavirkan úrgang og stöðvum þar sem unnið er með kjarnaeldsneyti;
 - b. hefur verið fargað; eða
 - c. rekja má til fyrri starfshátta.
 Upplýsingar þessar skulu innihalda lýsingu á efninu og aðra vitneskju, sem við á og er tiltæk, t.d. um rúmmál eða massa, virkni og tilteknar geislavirkar kjarnategundir;
 - v. skrá yfir kjarnorkustöðvar, sem verið er að ónýta, og upplýsingar um stöðu aðgerða til ónýtingar í þeim stöðvum.

33. gr.

Þingseta.

1. Hver samningsaðili skal hafa fyrirvar á þingum samningsaðilanna og skal eiga einn fulltrúa á slíkum þingum ásamt þeim varamönnum, sérfræðingum og ráðgjöfum sem hann telur nauðsynlega.
2. Samningsaðilunum er heimilt, með samhljóða samþykki, að bjóða hverri milliríkjastofnun, sem býr yfir kunnáttu og getu í þeim málum sem um er fjallað í samningi þessum, að senda áheyrnarfulltrúa á öll þing eða sérstaka fundi þeirra. Gerð er sú krafa að áheyrnarfulltrúar samþykki, skriflega og fyrirfram, ákvæði 36. gr.

34. gr.

Yfirlitsskýrslur.

Samningsaðilarnir skulu samþykkja samhljóða og gera almenningi aðgengilegt skjal þar sem fjallað er um mál, sem eru til umræðu á þingum þeirra, og lyktir slíkra mála.

35. gr.

Tungumál.

1. Tungumál á þingum samningsaðila eru arabíska, enska, franska, kínverska, rússneska og spænska nema reglur um málsmeðferð kveði á um annað.
2. Skýrslur lagðar fram skv. 32. gr. skal taka saman á þjóðtöngu samningsaðilans, sem það gerir, eða á einu tungumáli sem skal tilgreina með samhljóða samkomulagi í reglum um málsmeðferð. Verði skýrsla lögð fram á annarri þjóðtöngu en þeirri sem er tilgreind skal hlutaðeigandi samningsaðili láta fylgja þýðingu á hið tilgreinda tungumál.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. mun skrifstofan annast, gegn greiðslu, þýðingu skýrslna, sem eru lagðar fram á einhverju öðru tungumáli þess þings sem um er að ræða, á hið tilgreinda tungumál.

36. gr.

Trúnaðarkvaðir.

1. Ákvæði þessa samnings hafa ekki áhrif á þau réttindi og skyldur samningsaðilanna, samkvæmt þeirra eigin landslögum, að upplýsingum sé haldið leyndum. Í þessari grein merkir „upplýsingar“ m.a. upplýsingar sem varða þjóðaröryggi eða hlutkennda vörslu kjarnakleifra efna, upplýsingar, sem heyra undir hugverkarétt eða atvinnu- eða viðskiptaleynd gildir um, og persónuupplýsingar.
2. Láti samningsaðili í té upplýsingar með skírskotun til þessa samnings, sem hann tilgreinir að séu verndaðar með þeim hætti er um getur í 1. mgr., skal aðeins nota slíkar upplýsingar í þeim tilgangi sem til er ætlast og uppfylla þær trúnaðarkvaðir sem þeim fylgja.
3. Að því er varðar upplýsingar um notað eldsneyti eða geislavirkan úrgang, sem falla undir gildissvið þessa samnings skv. 3. mgr. 3. gr., skulu ákvæði þessa samnings engin áhrif hafa á þá sérheimild hlutaðeigandi samningsaðila að ákveða:
 - i. hvort slíkar upplýsingar séu leynilegar eða takmarkaðar með öðrum hætti til þess að koma í veg fyrir að þær verði birtar;
 - ii. hvort láta beri í té upplýsingar, er um getur í i-lið hér að framan, með skírskotun til þessa samnings; og
 - iii. hvaða trúnaðarkvaðir skuli fylgja slíkum upplýsingum ef þær eru afhentar með skírskotun til þessa samnings.
4. Efni þeirrar umræðu, sem fer fram jafnhliða því að úttekt er gerð á landsskýrslum á hverju úttektarþingi sem er haldið skv. 30. gr., skal háð þagnarskyldu.

37. gr.

Skrifstofan.

1. Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (hér á eftir nefnd „stofnunin“) skal sjá um skrifstofuhald vegna þinga samningsaðilanna.
2. Skrifstofan skal:
 - i. kalla saman þing samningsaðilanna, er um getur í 29., 30. og 31. gr., undirbúa þau og veita þjónustu í tengslum við þau;
 - ii. koma upplýsingum, sem veitt er viðtaka eða er safnað í samræmi við ákvæði þessa samnings, á framfæri við samningsaðila.
Útlagður kostnaður í tengslum við þau hlutverk sem stofnunin gegnir og um getur í i- og ii-lið hér að framan skal vera liður í reglulegri fjárhagsáætlun hennar.
3. Samningsaðilunum er heimilt, með samhljóða samþykki, að fara þess á leit við stofnunina að hún veiti aðra þjónustu vegna þinga þeirra. Stofnunin kann að veita slíka þjónustu samræmist það starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun. Ef svo er ekki kann stofnunin að veita fyrrnefnda þjónustu komi til frjáls fjárframlög annars staðar frá.

7. KAFLI**Lokaákvæði og önnur ákvæði.**

38. gr.

Lausn deilumála.

Rísi deila milli tveggja eða fleiri samningsaðila um túlkun eða beitingu ákvæða þessa samnings skulu þeir ráðgast sín á milli, meðan þing samningsaðila stendur yfir, í því skyni að leysa deiluna. Leiði samráð ekki til niðurstöðu má grípa til málamiðlunar og sátta- og gerðardómsmeðferðar, sem reglur þjóðaréttar kveða á um, meðal annars reglna og starfsvenja sem fylgt er innan Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.

39. gr.

Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki, aðild.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Vínarborg frá 29. september 1997 fram til þess að hann öðlast gildi.

2. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki af hálfu þeirra ríkja sem hafa undirritað hann.
3. Öllum ríkjum er heimilt að gerast aðilar að samningi þessum eftir að hann öðlast gildi.
4. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu svæðastofnana á sviði samlögunar eða á öðrum sviðum, með fyrirvara um formlega vottun, og þeim er heimilt að gerast aðilar að honum, að því tilskildu að slíkar stofnanir séu lögskipaðar af fullvalda ríkjum og til þess bærar að vinna að undirbúningi, gerð og framkvæmd alþjóðasamninga um málefni sem samningur þessi fjallar um.
 - i. Stofnanir þessar skulu, í málum sem eru á valdsviði þeirra og í eigin nafni, neyta þeirra réttinda sem samningur þessi veitir aðildarríkjum og uppfylla þær skyldur sem hann leggur þeim á herðar.
 - ii. Stofnanir þessar skulu, er þær gerast aðilar að samningi þessum, senda vörsluaðila, er um getur í 43. gr., yfirlýsingu þar sem kemur fram hvaða ríki eru aðilar að þeim, hvaða greinar þessa samnings gilda um þær og hvert valdsvið þeirra er á því sviði sem þær greinar fjalla um.
 - iii. Fyrirnefndar stofnanir skulu ekki fara með önnur atkvæði en atkvæði aðildarríkja sinna.
5. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki, aðild eða formlega vottun skulu afhent vörsluaðila til vörslu.

40. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er tuttugasta og fimmta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent vörsluaðila til vörslu, þar með talin skjöl fimmtán ríkja sem hvert og eitt starfrækir kjarnorkuver.
2. Að því er varðar hvert það ríki eða svæðisstofnun á sviði samlögunar eða annars konar svæðisstofnun sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum eða vottar hann með formlegum hætti eftir þann dag er síðasta skjalið, sem gerð er krafa um til þess að uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr., er afhent til vörslu skal samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er slíkt ríki eða stofnun afhendir vörsluaðila viðkomandi skjal til vörslu.

41. gr.

Breytingar á samningnum.

1. Hverjum samningsaðila er heimilt að leggja til breytingu á samningi þessum. Fjalla ber um breytingartillögur á úttektar- eða aukabíngi.
2. Afhenda ber vörsluaðila texta hvernar breytingartillögu ásamt rökstuðningi sem aftur sendir samningsaðilunum breytingartillöguna eigi síðar en níutíu dögum áður en þingið, sem hún er lögð fyrir til umfjöllunar, hefst. Vörsluaðilinn skal dreifa öllum athugasemdum, sem berast vegna slíkrar tillögu, til samningsaðilanna.
3. Samningsaðilarnir skulu, eftir að hafa fjallað um framkomna breytingartillögu, ákveða hvort samþykkja beri breytingartillöguna með samhljóða samþykki eða, ef ekki fæst samhljóða samþykki, vísa henni til ráðstefnu stjórnarereindreka. Atkvæði tveggja þriðju hluta þeirra samningsaðila, sem sækja þingið og greiða atkvæði, þarf til þess að samþykkja að vísa breytingartillögu til ráðstefnu stjórnarereindreka, að því tilskildu að minnst helmingur fulltrúa samningsaðilanna sé viðstaddur þegar atkvæðagreiðslan fer fram.
4. Vörsluaðili skal boða til ráðstefnu stjórnarereindreka, þar sem fjalla skal um og samþykkja breytingar á samningi þessum, og hana skal halda eigi síðar en ári eftir að víðeigandi ákvörðun er tekin í samræmi við ákvæði 3. mgr. þessarar greinar. Á ráðstefnu stjórnarereindreka skal kostað kapps um að breytingar séu samþykktar með samhljóða samþykki. Reynist það ekki unnt skal samþykkja breytingar með atkvæðum tveggja þriðju hluta allra samningsaðila.
5. Breytingar á samningi þessum, sem eru samþykktar skv. 3. og 4. mgr. hér að framan, eru háðar fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða formlegri vottun af hálfu samningsaðilanna og öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðilum, sem hafa fullgilt þær, staðfest eða samþykkt eða vottað þær með formlegum hætti, á nítugasta degi eftir að vörsluaðili hefur veitt víðeigandi skjölum

viðtöku frá að minnsta kosti tveimur þriðju samningsaðilanna. Breytingarnar öðlast gildi gagnvart samningsaðila, sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða vottar fyrirnefndar breytingar síðar, á nítugasta degi eftir að hann hefur afhent viðeigandi skjöl sín til vörslu.

42. gr.

Uppsögn.

1. Hvert samningsaðili getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.
2. Uppsögn tekur gildi einu ári eftir þann dag er vörsluaðili veitir tilkynningunni viðtöku eða síðar eins og tilgreint kann að vera í tilkynningunni.

43. gr.

Vörsluaðili.

1. Aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar skal vera vörsluaðili samnings þessa.
2. Vörsluaðilinn skal tilkynna samningsaðilunum um:
 - i. undirritun samnings þessa og um afhendingu skjala um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki, aðild eða formlega vottun til vörslu í samræmi við 39. gr.;
 - ii. daginn sem samningurinn öðlast gildi í samræmi við 40. gr.;
 - iii. tilkynningar um uppsögn samnings þessa í samræmi við 42. gr. og dagsetningar þeirra;
 - iv. breytingartillögur við samning þennan sem samningsaðilar leggja fram, breytingar sem eru samþykktar á viðkomandi ráðstefnu stjórnararindreka eða þingi samningsaðila og þann dag sem fyrirnefndar breytingar öðlast gildi í samræmi við 41. gr.

44. gr.

Gildir textar.

Frumrit samnings þessa, en textar þess á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal afhent vörsluaðila til vörslu sem sendir samningsaðilunum staðfest endurrit þess.

ÞESSU TIL STAÐFESTU HAFA UNDIRRITUÐ, SEM TIL ÞESS HAFA FULLT UMBOÐ, UNDIRRITAÐ SAMNING ÞENNAN.

Gjört í Vínarborg 5. september 1997.

JOINT CONVENTION
on the Safety of Spent Fuel Management and
on the Safety of Radioactive Waste Management

PREAMBLE

The Contracting Parties

- i. Recognizing that the operation of nuclear reactors generates spent fuel and radioactive waste and that other applications of nuclear technologies also generate radioactive waste;
- ii. Recognizing that the same safety objectives apply both to spent fuel and radioactive waste management;
- iii. Reaffirming the importance to the international community of ensuring that sound practices are planned and implemented for the safety of spent fuel and radioactive waste management;
- iv. Recognizing the importance of informing the public on issues regarding the safety of spent fuel and radioactive waste management;
- v. Desiring to promote an effective nuclear safety culture worldwide;
- vi. Reaffirming that the ultimate responsibility for ensuring the safety of spent fuel and radioactive waste management rests with the State;
- vii. Recognizing that the definition of a fuel cycle policy rests with the State, some States considering spent fuel as a valuable resource that may be reprocessed, others electing to dispose of it;
- viii. Recognizing that spent fuel and radioactive waste excluded from the present Convention because they are within military or defence programmes should be managed in accordance with the objectives stated in this Convention;
- ix. Affirming the importance of international co-operation in enhancing the safety of spent fuel and radioactive waste management through bilateral and multilateral mechanisms, and through this incentive Convention;
